



Reykjavík, 24. júní 2024  
SFS24060018

Ráðhús Reykjavíkur  
Borgarráð

## **Efni: Tillaga um að húsnæði Garðaborgar færist undir leikskólann Jörfa að loknum framkvæmdum**

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 24. júní 2024, var lögð fram svohljóðandi tillaga sviðstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 6. júní 2024, ásamt umsögn foreldraráðs Garðaborgar, dags. 18. júní 2024, yfirlýsingu foreldrafélags Garðaborgar, dags. 18. júní 2024 og minnisblaði sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 24. júní 2024:

Lagt er til að skóla- og frístundaráð samþykki að húsnæði leikskólans Garðaborgar við Bústaðaveg 81, Reykjavík, færist undir leikskólann Jörfa þegar húsnæði Garðaborgar verður fullklárað eftir framkvæmdir vorið 2025. Lagt er til að enginn starfsemi verði á vegum Garðaborgar frá 1. október 2024. Ennfremur er lagt til að börn sem eru með leikskólavist í Garðaborg fyrir skólaárið 2024 – 2025, fái forgang á flutning yfir Kvistaborg sem flytur í færanlegar einingar við Fossvogsskóla haustið 2024, eða í aðra leikskóla eftir því sem tilefni er til.

Greinargerð fylgdi.

Tillagan var samþykkt. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Sósíalístafllokks Íslands sátu hjá. Tillögunni var vísað til borgarráðs.

Tillögunni er hér með vísað til borgarráðs.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Framsóknarflokksins og Pírata lögðu fram svohljóðandi bókun:

Tillagan byggir á að nýta fjármagn og húsnæði Reykjavíkurborgar eins vel og hægt er ásamt því að tryggja gæði leikskólastarfs til framtíðar í stærrri einingu þegar Jörfi tekur yfir húsnæðið við Bústaðaveg. Mikilvægt er að tryggja öllum 13 börnum sem nú eru með vist í Garðaborg nýtt leikskólapláss. Nægjanlegt pláss er í Kvistaborg en sumir foreldrar hafa óskað eftir flutningi í aðra leikskóla, en útlit er fyrir að hægt verði að koma til móts við þær óskir. Meirihlutinn leggur áherslu á að reynt sé að gæta samráðs við alla hlutaðeigandi aðila.



**Reykjavík**



Virðingarfyllt

Helgi Grímsson

Helgi Grímsson  
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Hjálagt:

Tillaga ásamt greinargerð, dags. 6. júní 2024

Umsögn foreldraráðs Garðaborgar, dags. 18. júní 2024

Yfirlýsing foreldrafélags Garðaborgar, dags. 18. júní 2024

Minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 24. júní 2024



Reykjavík



## TILLAGA

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

### ***Tillaga sviðstjóra skóla- og frístundasviðs um að húsnæði Garðaborgar færist undir leikskólann Jörfa að loknum framkvæmdum***

Lagt er til að skóla- og frístundaráð samþykki að húsnæði leikskólans Garðaborgar við Bústaðaveg 81, Reykjavík, færist undir leikskólann Jörfa þegar húsnæði Garðaborgar verður fullklárað eftir framkvæmdir vorið 2025. Lagt er til að enginn starfsemi verði á vegum Garðaborgar frá 1. október 2024. Ennfremur er lagt til að börn sem eru með leikskólavist í Garðaborg fyrir skólaárið 2024 – 2025, fái forgang á flutning yfir Kvistaborg sem flytur í færanlegar einingar við Fossvogsskóla haustið 2024, eða í aðra leikskóla eftir því sem tilefni er til.

### **Greinargerð**

Garðaborg er tveggja deilda leikskóla með rekstrarleyfi fyrir 48 börn. Leikskólinn er staðsettur við Bústaðarveg 81, Reykjavík. Húsnæði leikskólans er í framkvæmdum og er gert ráð fyrir að þeim ljúki vorið 2025. Þangað til er leikskólinn í tímabundnu húsnæði í gömlu Brákarborg við Brákarsund 1. Í fyrstu áttu framkvæmdir að taka 3 – 6 mánuði frá byrjun árs 2023 en nú er orðið ljóst að leikskólinn verður í framkvæmdum til vors 2025.

Tveggja deilda leikskóli með 48 börn er ekki hagstæð fag- og rekstrareining og stendur illa undir sér til að mæta kröfum um nútíma leikskólastarf, þar sem rík áhersla er á öflugt samstarf fagaðila s.s. leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra, deildarstjóra og sérkennslustjóra ásamt öðru starfsfólki. Með því að loka leikskólanum og færa undir leikskólann Jörfa, verður til stærri og hagkvæmari eining sem getur byggt upp öflugara samstarf á milli fagaðila með fjölmönnum hópi fagfólks og annarra starfsmanna. Þar að auki getur stærri eining farið í hagkvæmari innkaup á vörum, s.s. matvöru og nýtt mannauðinn betur til að sinna rekstri leikskólans.

Eftir að Garðaborg fór í framkvæmdir í byrjun árs árið 2023 hefur þróun mála verið með þeim hætti að börnum hefur fækkað töluvert og eru nú 35 börn í leikskólanum í gömlu Brákarborg. Af þessum 35 börnum hafa foreldrar 12 barna óskað eftir flutningi frá leikskólanum yfir í aðra leikskóla og 10 börn eru á leið í grunnskóla í haust. Eftir standa 13 börn með vistun í leikskólanum á næsta skólaári. Þegar biðlisti leikskólans er skoðaður kemur ennfremur í ljós að af efstu 30 börnum á biðlista eru eingöngu fjögur með leikskólann í fyrsta vali, öll fædd 2022 og 2023. Félagaval í leikskólanum verður því takmarkað vegna fjölda barna í hverjum árgangi.

Þessi fækkun í barnahópnum og fjöldi flutningsumsókna frá leikskólanum tengist því hversu langt Brákarsund er frá heimahögum leikskólans við Bústaðarveg. Þessi fjarlægð hefur einnig haft áhrif á ráðningar í leikskólann en umsækjendur um stöður í Garðaborg töldu sig vera að



sækja um í leikskóla við Bústaðarveg en ekki Brákarsund. Þar að auki hefur verið mikil starfsmannavelta sem hefur leitt til þess að starfandi leikskólastjóri hefur orðið að grípa til faliðunar og aðlögun nýrra barna í leikskólann seinkaði mikið. Þá liggur fyrir að leikskóli með 35 börn er mjög óhentug rekstrareining, ekki síst út frá matarþjónustu.

Stjórnun leikskólans er með þeim hætti að erfitt hefur reynst að ráða inn leikskólastjóra í jafn litla starfseiningu og Garðaborg er. Leikskólastjóri Kvistaborgar tók tímabundið að sér stjórnun í Garðaborg en hefur nú sinnt verkefninu lengur en áætlað var, helst vegna seinkunar á framkvæmdum. Leikskólastjóri Kvistaborgar mun hætta að stjórna Garðaborg eftir þetta skólaár og verður þá enginn leikskólastjóri starfandi í Garðaborg.

Þegar innritun leikskóla fyrir haustið 2024 fór af stað þann 2. apríl sl. var boðið í öll laus pláss í leikskólum Reykjavíkur. Þann 30. apríl sl. höfðu eingöngu tvö börn fengið boð um vistun í Garðaborg, annað var barn á forgangi með leikskólann í fyrsta vali og þáði boðið. Hitt var með leikskólann í öðru vali og hafnaði boðinu. Þá var ákveðið að stöðva innritun í leikskólann fyrir haustið. Ástæðan er að á meðan þessi fjöldi barna er skráður í leikskólann á komandi hausti er mögulegt að bjóða þeim forgang á flutning yfir í leikskólann Kvistaborg sem er í sama hverfi og Garðaborg, eða aðra leikskóla eftir því sem tilefni er til. Kvistaborg mun flytja í færanlegar einingar við Fossvogsskóla í haust og við þá flutninga verða til fleiri pláss í Kvistaborg sem þessi barnahópur getur nýtt. Ennfremur gefst þá tækifæri til að færa leikskólann Laugasól yfir í gömlu Brákarborg en Laugasól fór nýlega í framkvæmdir vegna stækkunar og flutti í tímabundið húsnæði við Safamýri 5. Í Laugasól er áætlað að fjölga leikskólaplássum um 46. Gamla Brákarborg hentar mun betur fyrir Laugasól þar sem að húsnæðið er nokkuð nálægt heimakynnum Laugasólar við Leirulæk. Til viðbótar er leikskólinn Klömbrum á leið í framkvæmdir vegna stækkunar og það myndi henta Klömbrum vel að flytja í Safamýri 5 á meðan á framkvæmdum stendur. Í Klömbrum er áætlað að fjölga leikskólaplássum um 30.

Með vísan til þess sem að framan er rakið er lagt til að skóla- og frístundaráð samþykki að loka leikskólanum Garðaborg, Bústaðavegi 81 Reykjavík, frá 1. október 2024. Að framkvæmdum loknum, sem áætlað er að verði vorið 2025, verði Bústaðavegur 81 hluti af Jörfa. Ennfremur er lagt til að börn sem eru með leikskólavist í Garðaborg fyrir skólaárið 2024 – 2025 fái forgang á flutning yfir Kvistaborg sem flytur í færanlegar einingar við Fossvogsskóla haustið 2024, eða í aðra leikskóla eftir því sem tilefni er til.

Gert er ráð fyrir að starfsfólki Garðaborgar verði sagt upp störfum í leikskólanum Garðaborg en fundin verði önnur sambærileg störf enda eru laus störf í boði innan leikskóla Reykjavíkur. Um er að ræða 6 – 7 starfsmenn sem eru með ótímabundinn ráðningarsamning. Tekin verða samtöl við hvern og einn.

Boðað verður til upplýsingafundar um málið fyrir starfsfólk og foreldra í Garðaborg og aflað verður umsagnar foreldraráða og foreldrafélaga Garðaborgar og Jörfa.

Þessi aðgerð mun fækka leikskólaplássum í Reykjavík tímabundið um 18 miðað við að hægt verði að fjölga plássum í Klömbrum um 30. Þegar húsnæði leikskólans Garðaborgar verður tekið aftur í notkun, verða til að nýju 48 leikskólapláss en mikil þörf er á plássum í Bústaðarhverfi.



Reykjavíkurborg

### **Fjárhagsleg áhrif**

Fjárhagsleg áhrif af þessari aðgerð eru fyrst og fremst betri nýting á leikskólalássum og betri nýting á fjármunum Reykjavíkurborgar að því leyti að mjög óhagkvæmt er að reka leikskóla sem sérstaka einingu með svo fáum börnum.

Reykjavík, 18. júní 2024

## UMSÖGN

**Viðtakandi:** Borgarráð

**Sendandi:** Foreldraráð leikskólans Garðaborgar

**Efni: Umsögn foreldraráðs Garðaborgar vegna tillögu sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs um róttækar breytingar á starfsemi leikskólans.**

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 10. júní 2024 var lögð fram svohljóðandi tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs og ákveðið að senda hana til umsagnar foreldraráða og foreldrafélaga leikskólanna Garðaborgar og Jörfa:

*Lagt er til að skóla- og frístundaráð samþykki að húsnæði leikskólans Garðaborgar við Bústaðaveg 81, Reykjavík, færist undir leikskólann Jörfa þegar húsnæði Garðaborgar verður fullklárað eftir framkvæmdir vorið 2025. Lagt er til að enginn starfsemi verði á vegum Garðaborgar frá 1. október 2024. Ennfremur er lagt til að börn sem eru með leikskólavist í Garðaborg fyrir skólaárið 2024–2025, fái forgang á flutning yfir Kvistaborg sem flytur í færarlegar einingar við Fossvogsskóla haustið 2024, eða í aðra leikskóla eftir því sem tilefni er til.*

**Umsögn foreldraráðs Garðaborgar vegna tillögu skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar varðandi framtíð leikskólans Garðaborgar er eftirfarandi:**

Í tillögunni er lagt til að skóla- og frístundaráð samþykki að húsnæði leikskólans Garðaborgar við Bústaðaveg 81, Reykjavík, færist undir leikskólann Jörfa þegar húsnæði Garðaborgar verður fullklárað eftir framkvæmdir vorið 2025.

- a. Garðaborg er tveggja deilda leikskóli með rekstrarleyfi fyrir 48 börn, staðsettur að Bústaðavegi 81, Reykjavík. Eftir að Garðaborg fór í framkvæmdir í byrjun árs árið 2023 hefur þróun mála verið með þeim hætti að börnum hefur fækkað töluvert og eru nú 35 börn í leikskólanum í gömlu Brákarborg, Brákarsundi 1. Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs telur að fækkunin í barnahópnum og fjöldi

flutningsumsókna frá leikskólanum tengist því hversu langt Brákarsund er frá heimahögum leikskólans við Bústaðarveg. Þessum skýringum er andmælt af hálfu foreldraráðs Garðaborgar. Fækkun barna er einkum vegna óánægju foreldra með hægan framgang framkvæmda ásamt óskýrum og litlum upplýsingum frá skóla- og frístundasviði í öllu ferlinu. Óvissan sé öllum óþægileg og sérstaklega til lengri tíma litið. Það ýti undir óánægju meðal starfsfólks leikskólans, foreldra og barnanna. Sumir foreldrar hafi einfaldlega gefist upp á leikskólanum vegna þessa.

- b. Garðaborg hefur farsæla sögu að baki sem spannar um fjóra áratugi í einu rótgrónasta hverfi Reykjavíkur. Á Garðaborg hefur myndast samheldinn hópur barna sem nýtur atlætis frábærra leikskólakennara og annars starfsfólks. Barnahópurinn myndar sterk vinatengsl sem fylgja þeim áfram inn í grunnskóla og til framtíðar. Sú þekking, mannauður og það samfélag sem hefur skapast á Garðaborg verður einfaldlega ekki metin í krónum og aurum.
- c. Vegna mygluskemmda þurfti að loka húsnæði Garðaborgar á haustmánuðum 2022 og flutti leikskólinn starfsemi sína í gömlu Brákaborg, Brákarsundi 1, í ársbyrjun 2023. Upplýsingar sem komu fram á fundi skóla- og frístundasviðs í desember 2022 áætluðu að framkvæmdir gætu tekið um 3-6 mánuði og að stefnt væri að flutningi aftur í lagfært og endurbætt húsnæði Garðaborgar við Bústaðaveg að loknu sumarfríi árið 2023. Á vormánuðum þess árs kom í ljós að þær áætlanir myndu ekki standast og í stað þess að foreldrar (og starfsfólk leikskólans) fengju þær upplýsingar frá skóla- og frístundasviði bárust upplýsingar úr fjölmiðlum og í orðrómi sem barst foreldrum úr ýmsum áttum. Þetta er afskaplega klaufalegt og ekki ásættanleg vinnubrögð af hálfu skóla- og frístundasviðs. Engum leyndist heldur hið fokhelda húsnæði Garðaborgar við Bústaðaveg 81 sem stóð óhreyft og mannlaust svo mánuðum skipti. Áfram leið tíminn og enn bárust engar formlegar upplýsingar frá skóla- og frístundasviði. Á fundi skóla- og frístundaráðs í lok nóvember 2023 var tillaga um tímabundinn flutning Garðaborgar í húsnæði gömlu Brákaborgar samþykkt og þar nefnt að öll starfsemi leikskólans yrði komin á upprunalegan stað þann 1. mars 2025. Í þetta sinn bárust foreldrum þó upplýsingar með tölvupósti frá skóla- og frístundasviði. Í kjölfar þessara fréttu fjölgaði mjög flutningsumsóknum fyrir börn með leikskólaláss í Garðaborg yfir í aðra leikskóla í hverfi 108 Reykjavík. Þó var enn þó nokkur fjöldi foreldra barna í Garðaborg sem tóku þá ákvörðun að

standa með leikskólanum, þreyja þorrann á meðan framkvæmdir stóðu yfir og halda börnum sínum áfram í Garðaborg. Þessar miklu tafir á framkvæmdum við húsnæði Garðaborgar má að miklu leyti rekja til hroðvirknislegra vinnubragða Reykjavíkurborgar og mikils seinagangs við skil á tilhlýðilegum útboðsgögnum.

- d. Á 262. fundi skóla- og frístundaráðs þann 27. nóvember 2023 var lögð fram bókun þess efnis að ámælisvert væri að fyrst þá væri verið að ljúka hönnun og undirbúningi útboðsgagna vegna framkvæmda og endurbóta við leikskólann, þannig að framkvæmdum myndi ekki ljúka fyrr en árið 2025. Eðlilega höfðu þessar miklu tafir á framkvæmdum, ásamt gífurlegum skorti á upplýsingum, áhrif á foreldra barna í Garðaborg og áhrif á ráðningar starfsfólks. Við eðlilegar kringumstæður væri leikskólinn yfirfullur rétt eins og aðrir leikskólar borgarinnar og mikil eftirspurn eftir pláss. Mönnunarvandi er sameiginlegt vandamál flestra leikskóla á höfuðborgarsvæðinu en einskorðast ekki við leikskólann Garðaborg og heldur ekki vatni sem rök fyrir lokun leikskólans.

Í tillögunni er lagt er til að engin starfsemi verði á vegum Garðaborgar frá 1. október 2024. Foreldraráð Garðaborgar gerir alvarlegar athugasemdir við þennan lið, undirbúning og framkvæmd:

- a. Í tillögunni kemur fram að leikskólastjóri Kvistaborgar muni hætta að stjórna Garðaborg eftir þetta skólaár og verði þá enginn leikskólastjóri starfandi í Garðaborg. Starfsfólk Garðaborgar hefur nú þegar farið á fund með fulltrúum á vegum skóla- og frístundasviðs. Það hefur orðið til þess að starfsfólk Garðaborgar hefur upplifað mikla óvissu um framtíð sína og munu sum hver ekki snúa aftur til vinnu að loknum sumarleyfum. Hvaða starfsfólk muni manna Garðaborg þar til 1. október 2024 er algjörlega óljóst. Það að skóla- og frístundasvið hafi ekki gert viðeigandi ráðstafanir til að manna starf leikskólastjóra og önnur störf innan Garðaborgar er óásættanlegt og bendir til þess að það hafi staðið til í einhvern tíma að loka leikskólanum. Ef það hefur staðið til í langan tíma er algjörlega óásættanlegt að engar upplýsingar þess efnis hafi borist starfsfólki og foreldrum. Það lítur út fyrir að skóla- og frístundasvið hafi ákveðið þetta án þess að upplýsa um það, með því að ráða ekki í þessar stöður. Ef það er raunin er verklagið í kringum lokunina afskaplega ófagmannlegt og ómanneskjulegt.



- b. Ef skóla- og frístundasvið hefði tekið viðeigandi ábyrgð á leikskólanum sem og starfsfólki skólans væri eftirspurn eftir leikskólaplássum langt umfram framboð, eins og er í nær öllum leikskólum borgarinnar. Í Bústaðahverfi er til að mynda gríðarlega mikil eftirspurn eftir leikskólaplássum. Hefði skóla- og frístundasvið borgarinnar lagt sig fram við að hafa upplýsingaflæði sitt í lagi hefði vel verið hægt að bjóða foreldrum leikskólabarna í Reykjavík pláss í bráðabirgðahúsnæði Garðaborgar við Brákarsund. Í þeim mikla skorti á leikskólaplássum sem viðvarandi hefur verið í Reykjavík skýtur skökku við að loka heilum leikskóla. Síðastliðin ár hafa komið í ljós umfangsmiklar myglu- og rakaskemmdir í kennsluhúsnæði borgarinnar, hvort sem um er að ræða leik- eða grunnskóla. Leikskólabörn hafa því mörg hver verið á faraldsfæti í lengri tíma og munu vera það á næstu misserum. Hafa leikskólaplássur verið af enn skornari skammti af þessum sökum.
- c. Í tillögu kemur fram að leikskólaplássum muni fækka tímabundið um 18 pláss þar til framkvæmdum lýkur á húsnæði Garðaborgar við Bústaðaveg 81. Foreldraráð telur að þessi tala sé nær þeim fjölda sem nú er með leikskólaplássum á Garðaborg. Enn liggur ekki fyrir hversu mikil aukning verði á plássum á Kvistaborg og þeim plássum sem leikskólabörnum á Garðaborg býðst á Kvistaborg hefði væntanlega annars verið úthlutað til annarra barna. Fjölgun á leikskólaplássum sem nefnd er í tillögunni raungerist ekki fyrr en eftir að framkvæmdum lýkur á Klömbrum og Laugasól..
- d. Tillagan setur foreldra og börnin þeirra í óboðlega stöðu, svo vægt sé til orða tekið. Einkum vegna þess hvernig að þessu er staðið. Eins og hefur nú þegar komið fram er búið að fylla öll leikskólapláss fyrir haustið 2024. Líkur eru á að fjölskyldur verði fyrir fjárhagslegu tjóni vegna lokunarinnar. Þessar upplýsingar berast foreldrum með tölvupósti þann 10. júní sl. Á þeim tímamarki eru flestir foreldrar sem eru á vinnumarkaði búnir að ráðstafa sumarfríum sínum og hafa ekki allir ráðrúm til að bæta óvænt við sumarfrisdögum með haustinu. Hugsanlega verða foreldrar neyddir til að taka leyfi frá vinnu í haust til að sinna börnum sínum heima eða taka börnin með sér í vinnuna skyldu einhverjar tafir verða á afhendingu færanlegs húsnæðis Kvistaborgar. Undanfarin misseri hafa verið háværar umræður í samfélaginu þess efnis að mæður og konur taki enn mesta þungann í allri ummönnun barna. Það bitni því meira á mæðrum þegar rask verður á leikskólastarfi. Það þýðir að ef tillagan verður samþykkt mun hún

mögulega ýta undir aukinn ójöfnuð milli kynjanna, með þeim afleiðingum að halla mun á konur á vinnumarkaði. Foreldrar leikskólabarna í Garðaborg þurfa enn og aftur að flytja börn sín í annan leikskóla, þar sem sinna þarf nýrri aðlögun og mynda ný vinatengsl. Nú eru t.a.m. börn á Garðaborg sem neyðast til að flytja á sinn fimmta dagvistunarstað en eru einungis fjögurra ára gömul. Um er að ræða lítil börn á viðkvæmu aldurs- og þroskaskeiði auk þess sem hátt hlutfall barna á leikskólanum Garðaborg þarfnast stuðnings. Það hvernig að þessum breytingum er staðið er ofboðslega ónægð í alla staði. Enn á ný á að senda foreldra leikskólabarna í Garðaborg út í óvissuna. Aftur er það vegna algjörs skorts á upplýsingum frá skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar sem verður til þess að hendur foreldra eru algjörlega bundnar og eru í þessu tilfalli þvingaðir til að þiggja pláss í færanlegum einingum sem hafa ekki einu sinni verið settar upp.

- e. Það er mikilvægt að gæta meðalhófs við íþyngjandi ákvarðanir og telur foreldraráð Garðaborgar þá tillögu skóla- og frístundasviðs að loka leikskólanum vera afar íþyngjandi ákvörðun, verði hún tekin. Skal þess ávallt gætt að ekki sé farið strangar í sakirnar en nauðsyn ber til eins og meðalhófsregla stjórnarsýslulaga kveður á um.

Í tillögunni er lagt til að börn með leikskólavist í Garðaborg fái forgang á flutning í Kvistaborg eða í aðra leikskóla eftir því sem á við. Foreldraráð Garðaborgar kemur með eftirfarandi athugasemdir:

- a. Foreldrar barna í Garðaborg, sem nú hafa haft börn sín í bráðabirgða húsnæði í 18 mánuði, taka því eðlilega með miklum fyrirvara. Enn liggur ekki fyrir hversu mikil fjölgun plássu verði í Kvistaborg, engar upplýsingar liggja fyrir um stöðu framkvæmda þar og ekki vitað um stöðu mönnunarmála þar fyrir haustið. Það er því ekkert fast í hendi með það að Kvistaborg geti tekið á móti leikskólabörnum Garðaborgar við fyrirhugaða lokun leikskólans þann 1. október 2024.
- b. Skóla- og frístundasvið sendi foreldrum barna á biðlista eftir leikskólapláss (og barna með flutningsumsókn í Garðaborg) tölvupóst þann 20. mars, skömmu áður en stóra leikskólaúthlutunin hófst, þar sem óskað var eftir því að foreldrar yfirfæru umsóknir sínar um leikskólapláss og flutningsumsóknir, þar sem

innritunarlistar/biðlistar yrðu frystir á tímabilinu 2. apríl til 10. maí. Á þeim tíma yrði t.a.m. ekki hægt að nota Leikskólareikninn til að fá áætlaða spá um stöðu barns á biðlista. Biðlistinn var frystur 2. apríl og liðu 28 dagar þar til staða umsókna um pláss í Garðaborg kom í ljós. Foreldraráð gerir athugasemdir við þetta verklag og veltir upp hvaða skýringar skóla- og frístundasvið hefur á því hvers vegna biðlistum var ekki betur fylgt eftir og úthlutun plássna á leikskóla Garðaborgar. Sérstaklega í ljósi þess að húsnæði Garðaborgar hafði á vormánuðum verið í framkvæmdum í hátt í annað ár og sem óvenju mikið hafði verið um flutningsumsóknir frá.

- c. Í áðurnefndum tölvupósti kom fram að takmörkuð pláss væru í boði á Garðaborg sökum umfangsmikilla framkvæmda. Þar komu þó engar upplýsingar fram varðandi það að ráðlegt væri að breyta umsóknum um pláss, t.d. fyrir systkini barna í Garðaborg. Ekki komu heldur fram neinar ábendingar um það að foreldrar barna í Garðaborg þyrftu að vera undir það búnir að breytinga væri að vænta með haustinu. Upplýsingar frá skóla- og frístundasviði annars vegar til starfsfólks leikskólans og hins vegar til foreldra hafa verið af gríðarlega skornum skammti og er framkvæmdaferlinu virkilega illa fylgt eftir.
- d. Þann 30. mars sl. sendir leikskólastjóri Garðaborgar póst til foreldra barna í Garðaborg og segir þar að innritun fyrir haustið sé ólík því sem þau eigi að venjast vegna óvenju margra flutningsumsókna úr Garðaborg yfir á aðra leikskóla. Tölvupóstinum lýkur á eftirfarandi setningu: “Þetta er staðan í dag, fyrir innritun, en það er ómögulegt að segja nákvæmlega til hvernig allt endar”. Á þessum tímapunkti voru margir foreldrar í páskafríi með börnum sínum og hefur þessi tölvupóstur og mögulegt vægi hans vafalaust farið fram hjá einhverjum auk þess sem orðalag póstsins er í besta falli mjög loðið. Þarna bendir allt til þess að mikil óvissa liggi fyrir um framtíð Garðaborgar og ber skóla- og frístundasviði að upplýsa bæði starfsfólk og foreldra þess efnis. Eðli málsins samkvæmt væntu foreldrar þess að fá nánari upplýsingar um framgang mála.
- e. Frá 30. mars til 9. júní bárust foreldrum barna í Garðaborg (og foreldrum barna á biðlista eftir pláss í Garðaborg) engar upplýsingar varðandi stöðu mála fyrr en með tölvupósti frá skrifstofustjóra leikskólahluta fagskrifstofu skóla- og frístundasviðs þann 10. júní sl. Allan þann tíma voru foreldrar grunlausir um að stórar breytingar væru í farvatninu. Það liggur auðvitað fyrir að á þeim

tímapunkti er stóru leikskólaúthlutuninni lokið og búið að fylla í öll pláss á leikskólum borgarinnar fyrir haustið.

- f. Í umræddum pósti þann 10. júní sl. var boðað til fundar með foreldrum og fulltrúum skóla- og frístundasviðs þann 12. júní. Á fundinum kom fram að einungis væri um að ræða tillögu en af orðum fulltrúa skóla- og frístundasviðs mátti skilja að ákvörðunin hefði nú þegar verið tekin og þá þegar komin til framkvæmda að einhverju leyti. Upplifun foreldra var sú að það virtist vera búið að samþykka tillöguna á öllum stigum stjórnslu borgarinnar, nema á væntanlegum fundi borgarráðs sem haldinn verður þann 24. júní n.k.

## **Samantekt**

Í ljósi alls ofangreinds gerir foreldraráð Garðaborgar alvarlegar athugasemdir við vinnubrögð skóla- og frístundasviðs í þessu máli þar sem að nær engar upplýsingar bárust foreldrum og ef þær bárust voru þær óskýrar og að berast seint. Framkvæmdaáætlun var afar óraunhæf og framkvæmdirnar voru stöðugt að tefjast, samhliða lítilli upplýsingagjöf og stuðningi við foreldra. Traust foreldra til skóla- og frístundasviðs er ekki til staðar og það lítur út fyrir að ákvörðun hafi verið tekin fyrir löngu síðan um að loka leikskólanum þar sem ekki var ráðið í stöðu leikskólustjóra og í aðrar stöður innan Garðaborgar. Mönnunarvandi í leikskólum er sameiginlegt vandamál allra leikskóla í Reykjavík sem og annars staðar og eru ekki haldbær rök fyrir lokun leikskólans. Ef skóla- og frístundasvið hefði tekið viðeigandi ábyrgð á leikskólanum sem og starfsfólki skólans væri eftirspurn eftir leikskólapláss langt umfram framboð, eins og er í nær öllum leikskólum borgarinnar. Tillagan sem snýr að lokun Garðaborgar setur foreldra og börnin þeirra í óboðlega stöðu, svo vægt sé til orða tekið. Einkum vegna þess hvernig að þessu er staðið. Eins og hefur nú þegar komið fram er búið að fylla öll leikskólapláss fyrir haustið 2024. Líkur eru á að fjölskyldur verði fyrir fjárhagslegu tjóni vegna lokunarinnar. Það er mikilvægt að gæta meðalhófs við íþyngjandi ákvarðanir og telur foreldraráð Garðaborgar þá tillögu skóla- og frístundasviðs að loka leikskólanum vera afar íþyngjandi ákvörðun, verði hún tekin. Skal þess ávallt gætt að ekki sé farið strangar í sakirnar en nauðsyn ber til eins og meðalhófsregla stjórnslulaga kveður á um. Hluti tillögunnar snýr að því að börn með

leikskólavist í Garðaborg fái forgang á flutning í Kvistaborg eða í aðra leikskóla eftir því sem á við. Foreldrar barna í Garðaborg, sem nú hafa haft börn sín í bráðabirgða húsnæði í 18 mánuði taka því eðlilega með miklum fyrirvara. Það er því ekkert fast í hendi með það að Kvistaborg geti tekið á móti leikskólabörnum Garðaborgar við fyrirhugaða lokun leikskólans þann 1. október 2024. Tillagan nefnir hvergi orsök seinagangs framkvæmda og skort á upplýsingum til foreldra og starfsfólks Garðaborgar. Enginn hefur axlað ábyrgð á því sem miður hefur farið og engar afsökunarbeiðnir borist. Þegar tekin er ákvörðun um að loka rótgrónum og vinsælum leikskóla þarf að vanda vel til verka. Er það mat foreldraráðs Garðaborgar að slíkt hafi alls ekki verið gert. Tímasetning tillögunnar virðist illa ígrunduð og útfærsla lokunar leikskólans Garðaborgar slælega undirbúin. Þessi tillaga kemur fyrst fram að lokinni stóru leikskólaúthlutuninni og í upphafi sumarleyfa. Foreldrar barna í Garðaborg hafa því lítið sem ekkert svigrúm til þess að bregðast við og bíða haustsins fullir af óöryggi og vanlíðan.

Samþykki borgarráð tillögu þessa í óbreyttri mynd og án athugasemda leggur það blessun sína yfir forkastanleg vinnubrögð skóla- og frístundasviðs.

**Virðingarfyllst,**

fyrir hönd foreldraráðs Garðaborgar

Björk Konráðsdóttir

Jóhanna Ýr Elíasdóttir

Reykjavík, 18.júní 2024

**Yfirlýsing frá foreldrafélagi Garðaborgar vegna tillögu skóla- og frístundasviðs um framtíð leikskólans.**

Starfsemi foreldrafélags Garðaborgar hefur ekki verið í eðlilegum farvegi sl. 18 mánuði, eða allt frá því að Garðaborg þurfti að flytja í bráðabirgðahúsnæði í Brákarsundi vegna framkvæmda við húsnæði leikskólans. Undirrituð var um sl. jól beðin (af aðstoðarleikskólastjóra) um að ganga í foreldrafélagið þar sem til stóð að endurvekja starfsemi þess. Nú í vor spurðist undirrituð fyrir um stöðu foreldrafélagsins og lagði þá aðstoðarleikskólastjóri til að foreldrafélagið hæfi starfsemi á ný í haust, eftir að innritun lyki og ljóst væri hvaða börn yrðu í Garðaborg skólaárið 2024-2025.

Undirrituð er einnig aðili í foreldraráði Garðaborgar og hefur foreldraráð skilað umsögn um áðurnefnda tillögu.

Virðingarfyllst,

fyrir hönd foreldrafélags Garðaborgar

Björk Konráðsdóttir



Reykjavík, 24. júní 2024

SFS24060018

## MINNISBLAÐ

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

### **Vegna umsagnar foreldraráðs Garðaborgar**

Óskað var eftir umsögn frá foreldraráði Garðaborgar varðandi tillögu um að húsnæði Garðaborgar verði fært undir leikskólann Jörfa að loknum framkvæmdum og að ekki verði starfsemi á vegum Garðaborgar frá 1. október 2024. Umsögn barst frá foreldraráði Garðaborgar 18. júní 2024 þar sem ýmsar athugasemdir komu fram. Hér eru svör skóla- og frístundasviðs varðandi umsögn frá foreldraráði Garðaborgar. Svörin eru í sömu liðum og koma fram í umsögn foreldraráðs.

Tillaga um að húsnæði leikskólans færist undir leikskólann Jörfa.

- Framkvæmdir á leikskólahúsnæði eru í umsjá og á forræði umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar og eignaskrifstofu Reykjavíkurborgar. Skóla- og frístundasvið hefur ávallt leitast eftir því að upplýsa foreldra og starfsfólk miðað við þær upplýsingar sem liggja fyrir hverju sinni.
- Það er rétt að Garðaborg hefur farsæla sögu að baki. Þróunin hefur verið sú að aðeins sex starfsmenn af 17 voru fastráðnir á liðnu skólaári og 13 börn eru skráð í leikskólann á komandi skólaári. Fáir voru með leikskólann í 1. vali í stóru innritun fyrir leikskóla sem hófst 2. apríl og voru eingöngu tvö börn sem fengu boð í leikskólann á tímabilinu 2. – 30. apríl.
- Framkvæmdir á leikskólahúsnæði eru í umsjá og á forræði umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar og eignaskrifstofu Reykjavíkurborgar. Skóla- og frístundasvið hefur ávallt leitast eftir því að upplýsa foreldra og starfsfólk miðað við þær upplýsingar sem liggja fyrir hverju sinni.
- Mönnunarvandi er ekki ástæða fyrir lokun leikskólans heldur byggir tillagan á því að ná fram hagræðingu í rekstri og stjórnun. Með stærri einingu verður auðveldara að ná fram slíkri hagræðingu.

Tillaga um að engin starfsemi verði á vegum Garðaborgar frá 1. október 2024.

- Það hefur sýnt sig að það er erfitt að ráða í leikskólastjórastöðu í jafn litlum einingum og Garðaborg er. Frá árinu 2015 hafa starfað tveir leikskólastjórar í Garðaborg sem báðir stoppuðu stutt við. Það er alltaf erfið ákvörðun að loka leikskóla og í tilfalli Garðaborgar verður starfsfólki boðin sambærileg störf á



Reykjavík



vegum Reykjavíkurborgar ásamt ráðgjöf um réttindi hvers og eins. Mönnun eftir sumarleyfi leikskólans verður tryggð til 1. október 2024.

- b. Að flytja leikskóla í tímabundið húsnæði langt frá heimahögum hefur ekki reynst vel hingað til og er það lærdómur sem þarf að horfa til í öðrum verkefnum í framtíðinni. Það var mat skóla- og frístundasviðs að besta kosturinn í stöðunni væri að bjóða þeim 13 börnum sem eru með vistun í Garðaborg á komandi skólaári, vistun í Kvistaborg, eða öðrum leikskólum sé tilefni til. Húsnæði gömlu Brákarborgar mun nýtast fyrir börn og starfsfólk í leikskólanum Laugasól sem nú er í framkvæmdum. Ennfremur mun þá losna húsnæði í Safamýri sem þá nýttist fyrir börn og starfsfólk í leikskólanum Klömburum sem er á leið í framkvæmdir.
- c. Erfitt er að slá því föstu hvaða áhrif þessi tillaga mun hafa á heildarfjölda plássna í Reykjavík. Ljóst er að plássum mun fjölga um 15 – 20 í Kvistaborg við flutninga og eru það pláss sem talið var að nýtast myndu fyrir börn í Garðaborg. Nú liggur fyrir að 5 börn í Garðaborg hafa óskað eftir plássu í Kvistaborg. Aðrar flutningsumsóknir dreifast á aðra leikskóla og verið er að leitast við eins og kostur er að verða við þeim óskum.
- d. Stefnt er að flutningi barna úr Garðaborg eins fljótt og auðið er og líklega þurfa börn sem fara í Kvistaborg ekki að bíða eftir að leikskólinn flytji í færanlegar einingar við Fossvogsskóla heldur verður hægt að bjóða þeim milliflutninga yfir í Kvistaborg þegar elstu börnin í Kvistaborg hefja sína grunnskólagöngu.
- e. Tillagan byggir á að nýta fjármagn og húsnæði Reykjavíkurborgar eins vel og hægt er ásamt því að tryggja gæða leikskólastarfs til framtíðar í stærri einingu þegar Jörfi tekur yfir húsnæðið við Bústaðarveg 81.

Tillaga um að börn úr Garðaborg fái forgang á flutning yfir í Kvistaborg.

- a. Það liggur fyrir að plássum í Kvistaborg mun fjölga um 15 – 20 þegar leikskólinn flytur í færanlegar einingar við Fossvogsskóla. Stefnt er að því að bjóða öllum börnum úr Garðaborg milliflutninga eins fljótt og auðið er í haust. Mönnun eftir sumarleyfi í Garðaborg er tryggð.
- b. Þegar það lá fyrir að mörg börn væru með flutningsumsóknir frá Garðaborg og fá börn voru með leikskólann í 1. eða 2. vali, var talið farsælast að leggja til að Jörfi tæki yfir húsnæði Garðaborgar og að engin starfsemi yrði í Garðaborg frá 1. október eins og tillagan gerir ráð fyrir.
- c. Þegar ákvarðanir eru teknar er það skóla- og frístundaráð og að lokum borgarráð sem tekur lokaákvörðun í málum. Ekkert hafði verið ákveðið í málinu þegar stóra innritun í leikskóla hófst þann 2. apríl og mun ákvörðun í málinu ekki liggja fyrir fyrr en að lokinni afgreiðslu skóla- og frístundaráðs og borgarráðs.
- d. Þegar það lá fyrir að mörg börn væru með flutningsumsóknir frá Garðaborg og fá börn voru með leikskólann í 1. eða 2. vali, var talið farsælast að leggja til að Jörfi tæki yfir húsnæði Garðaborgar og að engin starfsemi yrði í Garðaborg frá 1. október eins og tillagan gerir ráð fyrir.
- e. Unnið verður með foreldrum barna sem eru með vistun í Garðaborg á komandi skólaári við að uppfylla óskir þeirra um flutning frá Garðaborg.







- f. Þegar ákvarðanir eru teknar er það skóla- og frístundaráð og að lokum borgarráð sem tekur lokaákvörðun í málum. Ekkert hafði verið ákveðið í málinu þegar stóra innritun í leikskóla hófst þann 2. apríl og mun ákvörðun í málinu ekki liggja fyrir fyrr en að lokinni afgreiðslu skóla- og frístundaráðs og borgarráðs.